

Vefrit fjármálaráðuneytisins

5. júní 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta þriðjung ársins 2008 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 28,4 ma.kr. innan ársins, sem er 2,5 milljörðum lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust 11,5 milljörðum meiri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um tæpa 10 milljarða. Hreinn lánsfjárfjöldur er jákvæður um 26 ma.kr., sem er 24,5 milljörðum hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 161 ma.kr. á fyrsta þriðjungi ársins sem er 8% aukning frá sama tíma árið 2007. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 148 ma.kr. og jukust um 7% að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 5,8% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því aukist um 1,1% að raunvirði. Aðrar rekstrartekjur námu rúmlega 10,5 ma.kr. og jukust um 10,5% frá sama tímabili í fyrra, en sá liður samanstendur að mestu af vaxtatekjum og tekjum af sölu vöru og þjónustu. Þá var eignasala ríkissjóðs um 2 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað námu 65 ma.kr. sem er aukning um 11,1% frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 31 ma. kr. (aukning um 3,5%), tekjuskattur lögaðila 8 ma.kr. (aukning um 2,1%) og fjármagnstekjuskattur 26 ma.kr. (aukning um 25,5%). Innheimta eignarskatta nam 3 ma.kr. sem er samdráttur upp á 17,8% á milli ára. Stimpilgjöld, sem eru um 80% eignarskattanna, drögust saman um 15,4% á tímabilinu.

Innheimta almennta veltuskatta nam 64 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins og jókst um 3,7% að nafnvirði frá sama tíma árið áður en dróst hins vegar saman um 2% að raunvirði (miðað við hækkingu vísitölu neysluverðs án húsnæðis). Þegar horft er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal fer raunvöxtur veltuskatta minnkandi og var nú 2,1% á milli ára. Stærsti hluti veltuskattanna er virðisaukaskattur og skilaði hann ríkissjóði um 45 ma.kr. á fyrsta þriðjungi ársins sem er nánast sama fjárhæð og hann skilaði á tímabilinu janúar-apríl 2007. Þar af skilaði hann tæplega 10 ma.kr. fyrir aprílmánuð 2008 sem er lítillega hærrí fjárhæð en í mánuðinum á undan. Ef lítið er til tímabilsins frá ársbyrjun, er raunlækkun virðisaukaskatts 4,8% á milli ára. Aðrir veltuskattar námu 19 ma.kr. á tímabilinu, um 2 ma.kr. meira en í fyrra. Þá námu tollar 2 ma.kr. og tryggingagjöld tæpum 14 ma.kr. sem er aukning um annars vegar 35,6% og hins vegar 4,9% á milli ára.

Greidd gjöld nema 125,2 ma.kr. og hækka um tæpa 10 milljarða frá fyrra ári, eða um 8,6%. Mest hækka geiðslur til almennatrygginga og velferðarmála, um 2,1 ma.kr. eða 7,7% og til almennrar opinberrar þjónustu, um 2 ma.kr. eða 13,2%. Hlutfallslega er mest hækking til varnarmála, en Ratsjárstofnun kemur sem ný stofnun undir þennan lið á þessu ári. Óregluleg útgjöld hækka um 29,7% og munar mest um gjaldfærslu fjármagnstekjuskatts sem er um 800 m.kr. meiri en á sama tíma í fyrra. Liðurinn löggæsla, réttargæsla og öryggismál hækkar um 19,7% en þar munar mestu um smíði varðskips.

Lánsfjárfjöldur ríkissjóðs er jákvæður um 23,9 ma.kr. eftir fyrsta ársþriðjung en lánsfjárförfin var 31,9 milljarðar á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöldur nam 26 ma.kr. fyrstu fjóra mánuði ársins, en var jákvæður um tæpa 1,5 ma.kr. fyrir sama tímabil á síðasta ári.

Tillögur um skattlagningu eldsneytis og ökutækja

Eins og fram hefur komið hefur starfshópur fjármálaráðherra skilað af sér **skýrslu** um heildarstefnumótun skattlagningar eldsneytis og ökutækja. Í skýrslu starfshópsins er unnið út frá núgildandi fjórum stöðum í skattlagningu ökutækja og eldsneytis, þ.e. stofngjald (vörugjald af ökutækjum), árgjald (bifreiðagjald), eldsneytisgjald (bensíngjald og olíugjald) og notkunargjald á stór ökutæki (kílómetragjald). Ný og samræmd skattlagning ökutækja og eldsneytis nær til allra þessara þátta og eðli máls samkvæmt eru margir valkostir færir varðandi útfærslur. Í tillögum starfshópsins er lagt til að íslensk stjórnvöld feti svipaðar brautir og nágrannaþjóðir okkar hafa gert í baráttunni gegn aukinni losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum, þ.e. að tengja skattlagningu í ofangreindum flokkum við losun á koltvísýringi

(CO₂). Samræmd skattlagning í þá veru felur í sér upptöku losunargjalda á ökutæki, í stað vörugjalds og bifreiðagjalds, og upptöku kolefnisskatts á jarðefnaeldsneyti. Valkostir við útfærslu slíkrar heildarskattlagningar felast í samspili þessara fjögurra stöða. Sem dæmi má nefna tilfærslu á skattbyrði frá ökutækjum yfir á eldsneyti eða öfugt, tilhögun frávika frá stofngjaldi, árgjaldi, notkunargjaldi og eldsneytisgjöldum, stofn og dreifing losunargjalds og kolefnisskatts og afmörkun tekna af skattlagningunni. Er farið ítarlega yfir þessa valkosti í skýrslunni, kosti þeirra og galla, með það að leiðarljósi að búa til traustan grunn fyrir frekari ákvarðanatöku. Skattlagningu er að þessu leyti beitt sem hagrænu stjórntæki og ljóst er að margar misgöðar leiðir eru færar til að reyna að ná þeim umhverfislegu markmiðum sem starfshópnun voru sett. Í tillögum starfshópsins er í framhaldi af umfjöllun um valkosti og útfærslur lögð til ákveðin tilfærsla á skattlagningu frá ökutækjum yfir á eldsneyti á þann hátt að tekjur ríkissjóðs verði því sem næst óbreyttar. Áætlað er að með tillögu starfshópsins náist fram lækking á meðallosun gróðurhúsalofttegunda frá nýjum fólkabílum úr 194 gCO₂/km í 183 gCO₂/km á sama tíma og stuðlað er að aukinni notkun vistvænna ökutækja og óhefðbundinna orkugjafa og tryggðar tekjur til vegagerðar.

Vöruviðskiptin í maí


Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru fluttar inn vörur fyrir 39,9 ma.kr. í maí sem er lítillega minni innflutningur en í aprílmánuði. Fluttar voru út vörur fyrir 39,3 ma.kr. en aldrei fyrr hefur virði útflutnings verið jafn mikið í einum mánuði. Hallinn á vöruviðskiptunum er því einungis um 600 milljónir í maí sem er töluverður bati frá fyrri mánuði þegar hann var 7,3 ma.kr.

Mikil aukning í útflutningi kemur til vegna stóruauks útflutnings á áli og er ljóst að Alcoa Fjarðarál er nú loks komið í fulla framleiðslugetu en gangsetningu allra rafgreiningarkera álversins lauk í apríl sl. Heimsmarkaðsverð á áli er auk þess hátt um þessar mundir líkt og verið hefur það sem af er ári. Útflutningur sjávarafurða er einnig mikill líkt og verið hefur en hann dregst þó lítillega saman frá fyrri mánuði þegar útflutningsvirði sjávarafurða náði sögulegu hámarki. Verð sjávarafurða er með herra móti auk þess sem lágt gengi íslensku krónunnar hefur góð áhrif á afkomu sjávarútvegsins.

Innflutningur vöru var einnig með mesta móti í maí. Innflutningur á hrá- og rekstrarvörum eykst jafnt og þétt og munar þar mestu um aukinn innflutning á álöxiði. Innflutningur á mat- og drykkjarvörum er með mesta móti og ljóst að lágt gengi krónunnar eykur innflutningsvirði á nauðsynjavarningi töluvert. Innflutningsvirði varanlegra og hálfvaranlegra neysluvara dregst nú saman eftir að hafa aukist fyrst eftir gengisfall krónunnar í mars sl. Eru þetta augljós áhrif lágs gengis krónunnar og erfiðra aðstæðna á lánamörkuðum um þessar mundir. Athygi skal vakin á því að mat á hreyfingum undirliða inn- og útflutnings er byggt á eigin útreikningum en ekki bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands.

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu

(m.v. VNV án húsnæðis og 6 mánaða hlaupandi meðaltal)



Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl			Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl			Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008	12 mánaða breyting (%)	2007	2008	Milljónir króna	2007	2008	12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,1	7,0	Almenn opinber þjónusta	14,9	12,8	Handbært fé frá rekstri	30.885	28.379	Verðbólga (maí)	4,7	12,3
Skattar á tekjur og hagnað	22,3	11,1	Heilbrigðismál	8,6	7,2	Hreinn lánsfjárfjöldur	1.484	26.025	Kjarnaverðbólga (maí)	5,7	10,8
Eignarskattar	-0,7	-17,8	Alm.trygg. & velferðarmál	15,4	9,1	Afborgun lána	-32.024	-804	Launavísitala (apríl)	9,8	8,2
Skattar á vöru og þjónustu	16,2	3,7	Efnahags- og atvinnumál	20,6	4,8	Brúttó lánsfjárfjöldur	-31.864	23.901	Heildarvelta (jan.-febr.)	16,2	9,0
Tryggingagjöld	12,0	4,9	Menntamál	11,3	12,0	Lántökur	46.052	9.701	Smásöluvelta (jan.-febr.)	4,2	7,3
Tekjur alls	19,5	8,0	Gjöld alls	13,3	10,0	Breyting á handbæru fé	14.188	33.602	Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	1,1	1,0